

„Við verðum að vinna með hjartanu“

Domus barnalæknar er læknastöð fyrir börn og unglina sem staðsett er í Urðarhvarfi í Kópavogi. Stöðin er opin alla daga ársins og sinnir að meðaltali 60.000 komum árlega. Ólafur Gísli Jónsson, sérfræðingur í almennum barnalækningum og blóð- og krabbameinslækningum barna, og Viðar Örn Eðvarðsson, sérfræðingur í almennum barnalækningum og nýrnalækningum barna, settust niður með blaðamanni *Læknablaðsins* og sögðu frá starfseminni

■■■ Kristborg Bóel Steindórsdóttir

Sagan teygir sig aftur til ársins 1995 þegar Ólafur Gísli og Kristleifur Kristjánsson barnalæknir funduðu með fulltrúum frá Tryggingastofnun ríkisins og þáverandi framkvæmdastjóra Domus Medica um stofurekstur barnalækna þar utan dagvinnutíma. Hvatinn var að bæta þjónustu við börn og foreldra þeirra, en til þessa höfðu foreldrar aðeins átt kost á að leita utan dagvinnutíma til Læknavaktarinnar eða á bráðavaktir sjúkrahúsanna. Niðurstaðan varð sú að Barnalæknaþjónustan ehf. var síðan formlega stofnuð í byrjun október 1995 og staðsett á fyrstu hæð í Domus Medica. Stofnendur voru ellefu barnalæknar, bæði almennir barnalæknar og sérfræðingar í ýmsum undirsérgreinum barnalækninga. Ólafur Gísli hefur verið formaður stjórnar frá byrjun og Kristleifur var framkvæmdastjóri fyrstu árin en Hanna Lára Sveinsdóttir hefur sinnt því starfi mörg undanfarin ár. Í stjórn félagsins eru nú Ólafur Gísli og Viðar ásamt Gylfa Óskarssyni, sérfræðingi í hjartalækningum barna.

Starfsemi vaktþjónustunnar hófst svo formlega þann 16. október 1995. „Ég man að ég stóð fyrstu vaktina þar sem mættu tveir sjúklingar og ég var mjög ánægður með það. Þeim fór svo hratt fjölgandi og hafa komur á ári lengst af verið um það

bil 11.000 en árið 2025 var komufjöldi á vaktina um það bil 12.600. Vaktþjónustan er nú opin á virkum dögum milli kl. 17 og 21 og kl. 9.30 og 14 um helgar og tveir læknar eru nú á vakt alla virka daga. Það var svo nýlega að við fórum að hafa þrjá lækna fast á vakt um helgar yfir veturinn þannig að komunum mun líklega fjölga eitthvað, en það er ekki meginmarkmið okkar, heldur viljum við gefa fólki nægan tíma til þess að fólk fái góða þjónustu,“ segir Viðar. „Við höfum ekki misst úr dag frá opnun, við höfum haldið úti vaktþjónustu á hverjum einasta degi síðan,“ bætir Ólafur Gísli við.

„Urðum að hugsa hratt og taka undir okkur stökk“

Vorið 2021 kom í ljós að nær öll starfsemi lækna í Domus Medica myndi hætta í lok þess árs og var því nauðsynlegt að finna stofurekstri barnalækna og starfsemi Barnalæknaþjónustunnar annan stað.

„Við höfðum aðeins hálf ár til þess að finna annað húsnæði þannig að við þurftum að hugsa hratt og taka undir okkur stökk,“ segir Viðar, en starfsemin flutti í 800 fermetra húsnæði í Urðarhvarfi í ársbyrjun 2022. „Við snérum bökum saman og náðum á skömm-

um tíma að velja húsnæði og innrétta það með hjálp innanhússarkitekts og annarra sérfræðinga á ýmsum sviðum. Þetta var allt svo nýtt fyrir okkur að við áttum varla orð yfir því að hve mörgu þyrfti að huga til þess að koma starfsemi sem þessari á laggirnar frá grunni. Það margborgaði sig því svo sannarlega að sækja ráðgjöf til sérfræðinga á ýmsum sviðum og með góðra manna hjálp tókst okkur mjög vel til, umhverfið er fallett og andinn góður í húsinu,“ segir Viðar.

Stofurekstur og vaktþjónustan í eina sæng

Í Urðarhvarfi starfa nú 36 barnalæknar, tveir barnaskurðlæknar og þrír háls-, nef- og eyrnalæknar. Við flutninginn var rekstrarfyrirkomulaginu breytt og félag stofnað um starfsemina sem heldur utan um allan rekstur þar sem flestir læknanna eru hluthafar. Upphaflega voru stofurekstur læknanna og vaktþjónustan aðskilin en breyting hefur orðið þar á. „Í mörg ár núna hefur fólk sem hingað kemur ekki gert greinarmun á því hvort það sé að hitta barnalækni að degi til eða utan dagvinnutíma, lítur bara svo á að þetta sé sama fyrirbærið og það hefur í rauninni þróast þannig því fyrir nokkrum árum steiptum við þessu saman, fyrirtækinu sem heldur utan um

reksturinn á daginn og vaktþjónustuna. Læknarnir eru með sinn stofurekstur á daginn þar sem komufjöldinn er um 4000 sjúklingar á mánuði,” segir Viðar.

Bjóða nýja barnalækna hjartanlega velkomna

Ólafur Gísli og Viðar segja báðir að markmið stöðvarinnar gegnum árin hafi verið að bjóða nýja barnalækna sem eru að snúa heim úr námi velkomna. „Við höfum reynt að taka þá með í þetta, en ég held að við getum fullyrt að allir þeir læknar sem hafa óskað eftir því að vinna með okkur hafa komist að. Það er líka grundvöllurinn fyrir því að slík starfsemi gangi upp, því mannaúdurinn er aðalatriðið, ef við höfum ekki nægan mannskap er ekki hægt að halda úti vaktþjónustu í þessu formi ár eftir ár,” segir Viðar og Ólafur Gísli bætir við; „Með þessu sem við höfum byggt upp er miklu auðveldara fyrir barnalækna að snúa aftur heim og hefja stofurekstur. Það er mikilvægt að geta unnið saman sem ein heild, en hér í Urðarhvarfi erum við með langflestar sérgreinar barnalækninga sem til eru á Íslandi. Það er því mikill styrkur hér innanhúss og við getum oftast en ekki leyst málin hér á staðnum með samvinnu okkar lækna,” segir Ólafur Gísli.

„Unga fólkíð kann vel að meta vefbókunarkerfið“

Ólafur Gísli og Viðar segja að mikil áhersla sé lögð á fagmennsku og vönduð vinnubrögð á öllum sviðum innan fyrirtækisins. Allir læknar skrifa undir sérstakan samstarfssamning þar sem uppfylla þarf meðal annars ákveðin fagleg skilyrði. „Við í stjórninni höfum unnið að því að gera Domus barnalækna að öflugri einingu og höfum hugað sérstaklega vel að persónuvernd og gagnaöryggi. Við höfum einnig lagt mikla áherslu á stafræna framþróun. Við höfum verið í samvinnu við Skræðu, fyrirtæki sem hefur í samvinnu við okkur hannað rafrænt bókunarkerfi á vefnum sem er mjög fullkomið með tilliti til persónuverndar. Unga fólkíð kann vel að meta vefbókunarkerfið, þetta virkar einstaklega vel fyrir starfsemi eins og okkar,” segir Ólafur Gísli en rétt tæplega 90% allra bókana fara þar í gegn. „Við



Ólafur Gísli Jónsson.

erum svo þessa dagana að innleiða nýtt og fullkomið sjúkraskrárkerfi sem Skræða hefur hannað, meðal annars í samvinnu við okkar lækna.“

Venjulega hægt að bóka án tilvísana og biðtíminn er stuttur

Aðspurðir út í tilvísanir og bið eftir þjónustu segja þeir félagar: „Í flestum tilfellum er hægt að bóka beint hjá okkur en í einhverjum tilfellum er það mikil eftirspurn eftir þjónustunni að læknunum þykir betra að fá tilvísanir til þess að ná að forgangsraða sem best,” segir Viðar og Ólafur Gísli tekur við: „Biðtíminn hjá okkur er lítill sem enginn varðandi þjónustu almennra barnalækna. Ef fólk hefur samband með slík erindi þá kemst það í flestum tilfellum að samdægurs eða daginn eftir. Undirgreinarnar geta þó verið aðeins snúnari, til dæmis er mikil eftirspurn hjá astma- og ofnæmislæknum, meltingarlæknum og þeim sem koma að meðferð tauga- og heilasjúkdóma.“

Mikið heillaskref að niðurgreiða læknskostnað barna að fullu

Sjúkratryggingar Íslands greiða nú allan læknskostnað fyrir börn. Viðar segir þá ákvörðun hafa skipt sköpum. „Mín skoðun er sú að þessi ákvörðun Ölmú Möller, að ákveða að ríkið skuli greiða lækniþjónustu barna að fullu, hafi auðveldað allt okkar starf alveg gífurlega.



Viðar Örn Eðvarðsson.

Hvatinn var að bæta þjónustu við börn og foreldra þeirra, en til þessa höfðu foreldrar aðeins átt kost á að leita utan dagvinnutíma til Læknavaktarinnar eða á bráðavaktir sjúkrahúsanna.

Þetta hefur bætt aðgengi að læknaþjónustu fyrir stóran hóp fólks og með þessari mikilvægu breytingu getum við nú hitt börnin eins oft og þarf án þess að hafa áhyggjur af því að það verði foreldrum fjárhagsleg byrði. Foreldrar ungra barna er sá hópur samfélagsins sem er að jafnaði með þyngstu greiðslu-byrðina og lægstu tekjurnar, þannig að þetta var mikið heillaskref," segir Viðar.

Starfsemin léttir á Læknavaktinni og Bráðamóttöku Barnaspítala Hringins

Telja má að starfsemin í Urðarhvarfi létti töluverðu álagi af bæði læknavaktinni og bráðamóttöku Barnaspítala Hringins og tölur staðfesta það. „Við erum að sjá um 30 börn eftir dagvinnutíma á virkum dögum og 50 um helgar á vaktinni yfir vetrartímann. Þessi fjöldi, sem er að tveimur þriðju undir tveggja ára aldri, myndi annars deilast á hina tvo staðina," segir Ólafur Gísli. „Þá erum við einnig

með hátt hlutfall samdægursbókana (um 40%) og segja má að það séu oftast en ekki bráð erindi, eins og hár hiti sem ekki væri gott með að bíða að skoða í marga daga," segir Viðar.

Vilja vera í fararbroddi í upplýsingatæknimálum

Hver skyldi framtíðarsýn Domus barnalækna vera? „Það eru engar stórvægilegar breytingar á dagskrá þó svo að við höfum augun alltaf opin fyrir nýjum tækifærum. Okkar hlutverk er fyrst og fremst að skaffa öruggt umhverfi fyrir þá lækna sem hjá okkur vilja starfa. Þá

„Með þessu sem við höfum byggt upp er miklu auðveldara fyrir barnalækna að snúa aftur heim og hefja stofurekstur.

höfum við einsett okkur að vera í takt við tímann og fylgjast mjög vel með upplýsingatæknimálum og sjúkraskrármálum, jafnvel vera í forystu hvað það varðar. Við teljum að gervigreindin muni einnig bylta læknisfræðinni í framtíðinni og við stefnum á að stíga okkar fyrstu skref í þeim efnum á næstunni með því að innleiða svokallaðan talgreini, sem umbreytir töluðu máli yfir í texta," segir Viðar.

Lokaorð þeirra félaga eru svo ekki af verri endanum. „Flestir læknar eru góðir í sínu fagi en til þess að ná árangri í starfi eru góð samskipti lykilatriði. Við verðum að vinna með hjartanu. Við verðum að spyrja okkur: hvornig myndi ég vilja að væri komið fram við mig? Það er lykillinn að því að ná árangri," segir Viðar og Ólafur Gísli bætir við: „Við verðum líka að hlusta á fólk, það er aðalatriðið. Hlusta og taka mark á því sem fólk segir því foreldrar eru sérfræðingar í börnunum sínum.“



Yfirlæknir svæfingadeildar HVE

Um er að ræða 100% stöðu auk bakvakta sem veitist frá 1. sept. 2026 eða eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur til og með 15. apríl 2026

Sjúkrahúsið á Akranesi er deildaskipt með handlækningadeild, fæðinga- og kvensjúkdómadeild og lyflækningadeild ásamt stöðdeildum. Fjölbreytt starfsemi fer fram á skurðeild sjúkrahússins. Aðgerðir eru framkvæmdar á 2 til 3 skurðstofum alla daga vikunnar. Aðallega er um að ræða almennar skurðlækningar, aðgerðir vegna kvensjúkdóma og bæklunaraðgerðir.

Hæfnikröfur

- Sérfræðileysi í svæfinga- og gjörgæslulækningum.
- Menntun og/eda reynsla á sviði stjórnunar er kostur.
- Reynsla af þverfaglegri teymisvinnu.
- Reynsla af kennslu og þekking á vísindastörfum æskileg
- Lögð er áhersla á faglegan metnað, jákvæðni, lipurð og áreiðanleika í samskiptum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirlæknir hefur umsjón og ber ábyrgð á lækningastarfi við deildina.
- Viðkomandi sinnir samskiptum við sjúklinga, aðstandendur og annað heilbrigðisstarfsfólk auk þess að sinna vísindastörfum og kennslu.
- Sér um gerð vaktaáætlana og skipulag afleysinga.
- Hefur frumkvæði að gæða og umbótaverkefnum.

Nánari upplýsingar og umsóknir eru á: <https://island.is/starfatorg/x-45805>

Nánari upplýsingar veitir: Björn Gunnarsson, Yfirlæknir. bjorn.gunnarsson@hve.is